



Fimleikaping 23. apríl 2022

Þingskjal nr. _____

Tækninefnd karla (TK) leggur til að keppendur í íslenska fimleikastiganum fái medalíu fyrir að ná ákveðnum stigum í þrepinu sínu í lok tímabils.

Greinargerð:

Hugmyndin er fengin úr tölvuleikjaheiminum þar sem fólk getur klárað borð með 1 stjörnu af þremur og haldið áfram í næsta borði. Margir ákveða samt að reyna betur og ná 2 eða 3 stjörnum og klára borðið með stæl. Við viljum yfirfæra þessa hugmyndafræði inn í fimleikana og gefa medalíu í lok tímabils þegar keppendur hafa náð ákveðnum stigum í þrepinu. Þá fæst gull medalía fyrir að ná 75 stigum í þrepinu (3 stjórnur af 3 í candy crush), silfur medalía fyrir að ná 73,5 stigum (2 stjórnur af 3 í candy crush) og 72 stig skila brons medalíu (1 stjarna af 3 í candy crush). Með þessu er jafnvel hægt að einhverju leiti að hafa það sjónrænt fyrir keppendur þangað til í lok tímabils hvaða fjölda af stjörnum þeir eru komnir með.

Þjálfarar geta þá notað þennan skala til að meta og rökstyðja ef þeir vilja hoppa upp um þrep án þess að hafa náð 75 stigum, þar sem þjálfarar hafa vald til að færa keppanda sinn upp um þrep, eftir að keppandinn hefur keppt og sýnt getu sína í þrepinu og telji þjálfarinn að keppandinn hafi erindi þangað.

Keppendur mega halda áfram í þrepinu þangað til þeir ná gull stigum, þá færast þeir í næsta þrep (í 4. Og 5.þrepi þar sem ekki er íslandsmót þar). Keppendur í 3. Og 2. Þrepi mega klára tímabilið í þrepinu sínu til að geta keppt á Íslandsmóti í þrepinu.

Ef keppandi nær gull einkunn í 5.þrepi og keppir í 4.þrepi á sama tímabili og nær brons stigum þar, fær hann viðurkenningu fyrir gull árangur í 5.þrepi, brons árangur í 4.þrepi og má keppa áfram í 4.þrepi.

Sent til:

☐ Laganefndar

☐ Allsherjarnefndar

☐ Fjárhagsnefndar

☐ _____ nefndar